



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/135
komudagur 17.11.2003

LHG/150/9.6/HH/sig
Reykjavík, 14. nóvember 2003

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál, heildarlög

Hjálagt sendast yður athugasemdir Landhelgisgæslu Íslands vegna framangreinds frumvarps. Í frumvarpinu hefur verið tekið tillit til flestra þeirra athugasemda, sem Landhelgisgæslan gerði við fyrri frumvörp um sama efni.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við hið nýja frumvarp :

6.gr. j. liður hljóði svo:

meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar og losun kvarnaðra matarleifa frá skipum innan þeirra marka.

Í fjölmörgum skipum eru kvarnir fyrir matarleifar, sem er lífrænt sorp og skaðar ekki lífríkið.

7. gr. Um ábyrgð einstaklinga og lögaðila.

Í greininni er þess getið að eigendur skipa geta takmarkað ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði. Mikils misræmis gætir í mælingum skipa milli brúttótonna og brúttórúmlesta, sem hefur aftur áhrif á við hvaða fjárhæð eigendur skipa geta takmarkað ábyrgð sína. Þetta þarf að athuga sérstaklega þar sem mælieiningin brúttótonn er víðast hvar að ryðja brúttórúmlestum úr vegi. Brúttótonn er sama og gross tonn í erlendum stöðlum og er nær undantekningarlaust notað erlendis. Hafnargjöld, skoðunargjöld o.fl. eru miðuð við þá einingu.



Dr. Guðmundur Sigurðsson hefur borið saman við hvaða fjárhæðir eigendur loðnuskipsins Guðrúnar Gísladóttur KE 15, sem sökk við strendur Noregs, geta takmarkað ábyrgð sína eftir þessum mælieiningum. Guðmundur hefur heimilað undirrituðum að senda þennan samanburð til umhverfisnefndar Alþingis og verður það gert í næstu viku.


12. gr. Tilkynningarskylda.

Almennt varðandi ferðir erlenda skipa er lagt til að þau verði skylduð til að vera með sjálvirkan staðsetningabúnað sem gefur upp staðsetningu þeirra til Landhelgisgæslu Íslands þegar skipin eru innan íslensku mengunarlögsögunnar.

26. gr. Sektir

Í greininni er ekki getið um hvert sektir skulu renna og því er ljóst að þeim er ætlað að fara í ríkissjóð. Spurning hvort ekki sé rétt að geta þess sérstaklega í lögunum að andvirði sekta verði varið til mengunarvarna, m.a. til kaupa á búnaði til að hreinsa menguð hafsvæði.

Í næstu viku mun yður verða sendar framangreindar kannanir dr. Guðmundar Sigurðssonar.



Hafsteinn Hafsteinsson

forstjóri